

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 25. júní 2018  
UST201806-128/B.S.  
10.05.04

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Elliðaárdalur - Endurnýjun veitukerfa. Umsögn**

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða endurnýjun og viðbætur við lagnir sem þegar liggja um Elliðaárdal. Framkvæmdin verður að mestu á grónu landi nema þar sem Elliðaár verða þveraðar við núverandi stökk sem liggur yfir ána.


Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæðmarinnar verði þar sem Elliðaár verða þveraðar með því að grafa lagnir í árbotninn. Ráðgert er í samráði við Hafrannsóknarstofnun að framkvæmdatími verði að vetrarlagi til að draga úr áhrifum á lífríki ána og auðvelda framkvæmdina þegar lágrennsli er.

Umhverfisstofnu telur að áhrif framkvæmdarinnar gætu fyrst og fremst orðið sjónræn áhrif og umfang þeirra áhrifa ræðst fyrst og fremst af verklagi við framkvæmdina og gæði frágangs að loknu verki. Í greinargerð kemur fram að mikil áhersla verði lögð á umgengi og frágang, enda er hér um vinsælt útivistarsvæði að ræða. Áhrif á gróðurfar eru talin óveruleg, enda hvorki um að ræða friðar plöntur né vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar á svæðinu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri